



FRÉTTABLAÐIÐ

105. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 31. MAÍ 2022



Flugvélin Súlor, Airbus A319, markaði þáttaskil í samgöngusögunni í gær þegar vélinni var flogið frá Portúgal og lent í rjómabliðu á Akureyrarflugvelli. Koma vélarinnar markar upphafið á beinu flugi milli höfuðstaðar Norðurlands og umheimsins. Uppselt er í fyrsta flugið á fimmtudag til Kaupmannahafnar. Einnig er flogið til London, Manchester og Tenerife. MYND/ÞÓRHALLUR/PEDRÓMYNDIR

Mýlaust Mývatn

LÍFRÍKI Mývatnsmaraþonið var haldið um helgina og tóku hlauparar eftir því að afskaplega lítið var af hinni þekktu mýflugu en býflugurnar voru víða og mjög stórar.



Árni Einarsson, forstöðumaður RAMÝ

„Það er mikið af þessum stóru hunangsflugum eða humlum eins og þær eru kallaðar þessa dagana,“ segir Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúruverndar og náttúruvísindisráðgjafarinnar við Mývatn.

„Það er ekkert mý í botninum annað árið í röð,“ segir Árni. **SJÁ SIÐU 8**

Eigið fé útgerðar aukist um meira en hundrað milljarða

Fyrstu ársuppgjör stórra fiskfyrirtækja benda til met-hagnaðar í greininni. Vaxandi umræða um framlag greinarnar til samneyslunnar.

SJÁVARÚTVEGUR Brim og Síldarvinnslan höfnuðust í fyrra samantlagt um 22,6 milljarða króna. Hagnaður beggja fyrirtækja var nánast sá sami, eða nálægt 11,3 milljörðum á hvort fyrirtæki. Fyrstu þrjá mánuði þessa árs var hagnaður Síldarvinnslunnar á fjórða milljarð króna. Heildarskattar allra sjávarútvegsfyrirtækja í formi veiðigjalds árið 2020 voru 4,8 milljarðar króna.



Veiðigjaldið skilaði 4,8 milljörðum árið 2020.

Í lok árs 2020 var bókfært eigið fé íslensks sjávarútvegs 325 milljarðar króna. Aukning eigin fjár á sjö árum hjá sjávarútvegsfyrirtækjum er vel á annað hundrað milljarða. Búist er við að hrein eign vaxi enn þegar næstu tölur verða birtar.

Á sama tíma er ríkið slígað af skuldum eftir kórónafaraldur og

vaxandi álögur á almenning, að sögn Loga Einarssonar, formanns Samfylkingarinnar. Logi tekur undir með Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra sem ræddi í gær að réttlætiskennd margra Íslendinga væri misboðið þar sem framlag til samneyslu væri eitt álítaefna.

„Við höfum horft upp á gríðarlega auðsöfnun á mjög fáar hendur sem hefur auk þess leitt til þess að örfáir einstaklingar halda ekki einungis á þorra fiskveiðiheimilda, heldur hafa í skjóli þessa sama auðs sölsað undir sig eignir mjög víða í samfélaginu í óskyldum greinum,“ segir Logi.

SJÁ SIÐU 4

Leikmenn lásu um landsliðssæti

FÓTBOLTI Sumir leikmenn íslenska landsliðsins lásu um það á netinu að þeir væru í landsliðshópi Arnars Viðarssonar fyrir komandi verkefni í Þjóðardeildinni. Íðulega eru leikmenn sem eru í landsliðshóp látnir vita áður en hópurinn er kynntur opinberlega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru nokkrir leikmenn hissa á stöðu mála, þegar þeir lásu það á vefmiðlum síðasta miðvikudag að þeir væru í hópnum.

Heimildarmaður Fréttablaðsins segir að samskipti þjálfarateymis við leikmenn sem koma til greina í landsliðið séu lítil.

Þá séu nánast engin samskipti sem eigi sér stað á milli verkefna liðsins. **SJÁ SIÐU 28**

Tímalausi töffarinn Taigo

Rúmgóður smábíll með frábæra aksturshæfni bæði til innanbæjaraksturs og á þjóðvegum landsins. — Verð **4.890.000 kr.**

H Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.volkswagen.is/taigo





Skútustaðaskóli hýsir nú Land-græðsluna, Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð. MYND/UST

Ríkisstarfsmenn taka yfir húsnæði Skútustaðaskóla

ser@frettabladid.is

NORÐURLAND Sú fornfræga menntastofnun, Skútustaðaskóli í Mývatnssveit, fékk í gær nýtt hlutverk þegar skrifstofur Land-græðslunnar, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs voru þar opnaðar með formlegum hætti.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, opnaði húsið formlega og hafði á orði að skrifstofurýmið hefði heppnast sérstaklega vel og gæfi góða tilfinningu fyrir áframhaldandi uppbyggingu á nýju hlutverki gamla Skútustaðaskóla.

Skólastarf í Mývatnssveit var um langa hrið rekið bæði á Skútustöðum og í Reykjahlið, en var sameinað á síðarnefnda staðnum á miðjum síðasta áratug síðustu aldar. ■

Ekkert flug til Vestmannaeyja

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Síðasta áætlunarflugíð milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur var flogið í gær. Þetta er í þriðja skiptið á tveimur árum sem flugið stöðvast og hefur faraldurinn spilað þar inn í. En það eru Ernir og Icelandair sem hafa sinnt fluginu undanfarin ár.



Flug hefur verið stopult undanfarin tvö ár.

Innviðaráðuneytið veitti styrk til að koma flugi milli lands og Eyja aftur á laggirnar eftir faraldurinn. Þá hafa Eyjamenn einnig getað nýtt sér 40 prósentu afslátt af fargjöldum í gegnum Loftbrúarverkefnið. Nú telur ráðuneytið ekki forsendur til að styrkja flugið áfram. ■

Sumarið er að koma



Starfsfólk Reykjavíkurborgar vandaði sig við að gróðursetja litskrúðugu sumarblómin á Austurvelli í bliðskaparveðri gær dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sindri sýknaður af kröfu Ingós

helenaros@frettabladid.is

DÓMSMÁL Sindri Þór Sigríðarson var í gær sýknaður af kröfum Ingólfs Þórarinssonar í meiðyrðamáli í Héraðsdómi Reykjavíkur. Málið var höfðað vegna ummæla er lutu að samræði við börn.



Ummælin féllu á samfélagsmiðlum í fyrra sumar.

Sindri Þór mætti við uppsöguna og var að vonum ánægður með niðurstöðu málsins. Hann lét ummælin falla á samfélagsmiðlum í fyrra sumar.

Auður Björg Jónsdóttir, lögmaður Ingólfs, segist ætla að ráðleggja Ingó að áfrýja dóminum til Landsréttar. ■

Sumarfrí valdi streitu hjá einstaklingum með ADHD

Sumarfrí getur valdið streitu og vanlíðan hjá fólki með ADHD. Sálfræðingur segir mikilvægt að undirbúa fríið vel og gera ráð fyrir slökun í dagskránni. Þá er mikilvægt að veita börnum með ADHD skýrar upplýsingar um það sem fram undan er.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Drífa Björk Guðmundsdóttir sálfræðingur segir sumarfrí geta valdið mikilli streitu og jafnvel vanlíðan hjá bæði börnum og fullorðnum einstaklingum með ADHD. Hún flytur erindi á fræðslufundi á vegum ADHD samtakanna á morgun þar sem hún mun benda á ýmis hagnýt ráð til lausnar.

Spurð að því á hvaða hátt sumarfrí geti valdið streitu og vanlíðan hjá einstaklingum með ADHD segir Drífa það ólíkt meðal barna og fullorðinna. „Börn með ADHD geta átt erfitt með að byrja á einhverju sjálf og þurfa oft aðstoð við það,“ segir hún.

„Þau eiga oft erfitt með að byrja á leik og haldast ekki lengi við svo það kemur oft upp að þeim leiðist. Ef þau eru ekki með stanslaust prógramm geta þau orðið mjög eirðarlaus,“ bætir Drífa við. Hún segir vanlíðan gjarnan koma upp hjá börnum með ADHD þegar þau séu ekki með rútinu og prógramm líkt og í sumarfríum.

„Þau keyra sig gjarnan upp í mikla spennu og í kjölfarið kemur spennufall. Maður heyrir það oft frá foreldrum barna með ADHD að sama hvað sé gert séu börnin vanþakklát en þá er það ekki endilega vanþakklæti heldur spennufall því þau eiga erfitt með tilfinningastjórnun,“ segir Drífa.

Hún segir mikilvægt að veita börnunum skýrar upplýsingar um



Drífa Björg sálfræðingur segir það mikilvægt að fólk með ADHD útbúi grófa dagskrá fyrir fríið sem veiti því yfirsýn. Þá sé mikilvægt að dagskráin innihaldi einnig tíma til slökunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Drífa Björk Guðmundsdóttir, sálfræðingur

það sem fram undan er, þá séu þau frekar undirbúin. „Og ekki bara að leiðin liggi í þennan skemmtigarð eða eitthvað slíkt heldur líka það sem gerist eftir á, að svo sé farið heim til að hvíla sig til dæmis, þá eru þau undirbúin undir það að skemmtunin vari ekki að eilífu.“

Hjá fullorðnum með ADHD segir Drífa það algengt að fólk keyri sig út í fríinu. „Mörg þeirra ætla sér að gera svo mikið í fríinu að það verður ekkert frí. Fólk er jafnvel búíð að fresta

öllu þangað til það fer í frí og ætla svo að klára allt þá,“ segir hún.

Drífa segir það mikilvægt að fólk með ADHD útbúi grófa dagskrá fyrir fríið sem veiti því yfirsýn, þá sé mikilvægt að dagskráin innihaldi einnig tíma til slökunar. „Þetta snýst um að gera hlutina sýnilega og skýra. Draga úr streitu, einfalda hlutina og undirbúa sig.“

Þá bendir hún á að mikilvægt sé að forgangsraða og sýna sjálfum sér mildi. „Til dæmis þegar verið er að pakka niður fyrir ferðalag má velta því fyrir sér hvað sé það versta sem getur gerst ef maður gleymir einhverju. Farseðillinn, passinn og einhverjur peningar eru númer eitt, tvö og þrjú en ef þú gleymir tannbursta eru ekki hundrað í hættunni,“ segir hún.

Fyrirlesturinn fer fram í húsnæði ADHD samtakanna klukkan 19.30 annað kvöld og eru allir velkomnir. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



LÁTTU VERKIN TALA

TOYOTA PROACE



TOYOTA PROACE
verð frá: 5.850.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga:
1 ár: 184.000 kr. á mánuði
2 ár: 159.000 kr. á mánuði
3 ár: 148.000 kr. á mánuði

**TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI**

32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA PROACE CITY
verð frá: 4.290.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga:
1 ár: 146.000 kr. á mánuði
2 ár: 127.000 kr. á mánuði
3 ár: 120.000 kr. á mánuði



Sama hver verkefnin eru þá er Toyota Proace til staðar fyrir þig.

Amstri dagsins fylgja ýmsar áskoranir. Hvort sem þú ert að leita að styrk og burðargetu eða mýkt og lipurð fyrir fólksflutninga, þá er Toyota Proace bíll sem hentar þínum þörfum.

Toyota Proace er traustur, öflugur og fjölhæfur bíll, fánlegur í ýmsum stærðum og gerðum. Þú hefur val um orkugjafa, lengd, yfirbyggingu og stærð hleðslurýmis, allt eftir því hvað hentar þinni starfsemi. Vinnuaðstaða bílstjórans er snjöll og þægileg og bíllinn er búinn framúrskarandi öryggisbúnaði sem tryggir öryggi þitt í vinnunni.

Allar gerðir Proace koma með 7 ára (3+4) ábyrgð og þeim fylgir 3 ára þjónusta.
Skoðaðu nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Bílarinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Þrjár hæðir í Sjávarútvegshúsinu hafa staðið auðar í eitt ár

ser@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Tvær af sex hæðum Sjávarútvegshússins við Skúlagötu hafa staðið auðar í heilt ár, en í sumar hillir loksins undir að framkvæmdir hefjist þar að nýju við gagngerar endurbætur á öllum sex hæðum hússins.

Ráðgert er að allt að fimm ráðuneyti verði í húsinu, en þar eru fyrir matvælaráðuneytið og menningar-, ferða- og viðskiptaráðuneytið á

fimmту hæðinni. Þykir brýnast að koma félagsmálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu fyrir í húsinu, en þau hafa verið á ítrekuðum hrakhólum eftir að mygla fannst í húsakynnum þeirra við Tryggvagötu og svo aftur í Skógarhlíðinni þangað sem þau fluttu úr miðborginni. Þau ráðuneyti eru nú í tíma-bundnu húsnæði í Siðumúla.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð upphaflega til að endurgera tvær hæðir hússins, en



Sjávarútvegshúsið við Skúlagötu sem eitt sinn hýsti starfsemi Hafró.

í kjölfar kosninga í haust og gagn-gerra breytinga á skipan ráðuneyta í upphafi þessa árs var ákveðið að húsið yrði allt endurgert. Hönnun og áætlanagerð lauk fyrir tveimur vikum og um helgina var útboð á endurgerð hússins auglýst í blöðum.

Samkvæmt sömu heimildum hafa orðið nokkrar tafir í hönnunarferlinu, meðal annars vegna vals á gólfefnum, hvort lagðar yrðu teppaflísar eða harðviður á gólfíð – og höfðu teppaflísarnir vinninginn.

Það sem einkum hefur þó tafið verkið er sú grundvallarbreyting að ákveðið skyldi að endurgera allt húsið. En ekki einungis aðra og þriðju hæðina.

Þá gera nýjar áherslur í nýtingu skrifstofurýmis verkefnið flóknara en ella.

Niðurstaða útboðs á lokafrágangi hæðanna fæst í lok júní og munu framkvæmdir hefjast að nýju að afloknum samningum við verk-taka. ■

Verðbólgan æðir áfram þrátt fyrir vaxtahækkanir

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Verðbólga hækkar enn og hefur ekki verið hærri í tólf ár. Ekki verður séð að miklar stýri-vaxtahækkanir Seðlabankans undanfarna 12 mánuði hafi mikil áhrif.

Vísitala neysluverðs í maí 2022 hækkar um 0,77 prósent frá fyrri mánuði. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkar um 0,42 prósent frá apríl.

Verð á mat og drykkjarvörum hækkaði um 0,9 prósent (áhrif á vísitöluna 0,14 prósent), reiknuð húsa-leiga hækkaði um 2,3 prósent (0,43 prósent), verð á nýjum bílum hækkaði um 2,1 prósent (0,11 prósent) og verð á bensíni og olíum hækkaði um 2,9 prósent (0,10 prósent). Verð á flugfargjöldum til útlanda lækkaði um 6,9 prósent (-0,14 prósent).



Vísitala neysluverðs hækkar um 0,77 prósent frá fyrri mánuði.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 7,6 prósent og vísitala neysluverðs án húsnæðis um 5,5 prósent.

Skarpar stýrivaxtahækkanir Seðlabankans undanfarna 12 mánuði virðast lítil áhrif hafa á verðbólguna. Ekki þarf það koma á óvart þar sem verðbólgan er að stærstum hluta annars vegar innflutt og hins vegar vegna skorts á húsnæði. Íslensk peningastefna virðist hafa takmörkuð áhrif á verðbólgu erlendis og ekki hefur verið sýnt fram á að vaxtahækkanir skili sér í auknu framboði húsnæðis á viðráðanlegu verði. ■

Ofurgróði útgerðar veldur titringi

Fjórar blokkir eiga 60 prósent af úthlutuðum kvóta. Vaxandi þrýstingur er á að veiðigjald verði hækkað. SFS segir að um tímabundið góð-æri kunni að vera að ræða.

bth@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Það stefnir í met-hagnað sjávarútvegsfyrirtækja. Brim hagnaðist um 11,3 milljarða í fyrra og Síldarvinnslan um svipaða fjárhæð. Hagnaður Síldarvinnslunnar fyrstu þrjá mánuði þessa árs nam á fjórða milljarð króna.

Samherji, Kaupfélag Skagfirðinga (KS) og önnur risafyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi, hafa ekki skilað uppgjöri fyrir síðasta ár en mikils hagnaðar er vænst. Íslensk fiskiskip veiddu fisk fyrir 162,2 milljarða króna í fyrra samkvæmt tölum Hagstofu. Verðmæti afla jókst um 9 prósent milli ára, var 148,3 milljarðar 2020 samkvæmt úttekt Kjarnans. Munar mestu um upp-grip í síld og loðnu og eru horfurnar mjög góðar nú, því verð á prótíni og ekki síst fiski hefur hækkað mjög í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu.

Í lok árs 2020 var bókfært eigið fé íslensks sjávarútvegs 325 milljarðar króna. Aukning eigin fjár á sjö árum hjá sjávarútvegsfyrirtækjum er vel á annað hundrað milljarða.

Þingmenn stjórnarandstöðu hafa ítrekað bent á að veiðigjöld séu of lág. Svandís Svavarsdóttir matvæla-ráðherra sagði í Morgunblaðinu í gær að djúpstæð tilfinning væri meðal almennings um óréttlæti vegna samþjöppunar veiðiheimilda og að ágóðanum af sameiginlegri auðlind væri ekki skipt á réttlátan hátt. Árið 2020 greiddi sjávarútvegurinn tæpa 4,8 milljarða í veiðigjald en á sama tíma hefur íslenska ríkið þurft að taka á sig söguleg áföll vegna veirufaraldursins.

Logi Einarsson, formaður Sam-



Fyrstu ársafkomutölur stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna benda til gróða á tá og fingri. Tekist er á um hvort álögur séu sanngjarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fylkingar, segir að arðurinn fyrir aðgengi að takmörkuðum auðlindum í eigu þjóðarinnar verði í auknum mæli að skila sér til þjóðarinnar.

„Við höfum horft upp á gríðarlega auðsöfnun á mjög fáar hendur sem hefur auk þess leitt til þess að örfáir einstaklingar halda ekki einungis á þorra fiskveiðiheimilda, heldur hafa í skjóli þessa sama auðs sölsað undir sig eignir mjög víða í samfélaginu í óskyldum greinum,“ segir Logi.

Hann nefnir fjölmiðlarekstur, fasteignastarfsemi, flutninga, dagvörumarkað, orkuvinnslu, jafnvel tryggingar og bankastarfsemi.

„Þetta skapar mjög óheilbrigð ástand. Og nú þegar allur þorri almennings sér fram á versnandi afkomu og ýmis heilbrigðis- og velferðarþjónusta er undirfjármögnuð, ættu handhafar kvótans sannarlega að greiða meira til samneyslunnar, þeir eru vel aflögufærir,



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, hjá SFS



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

svo ekki sé meira sagt,“ segir Logi.

Samanlagt eiga fjórar blokkir um 60 prósent af öllum úthlutuðum kvóta. Þessar blokkir eru Samherji, Brim, KS og Ísfélagið. Heiðrún Lind Marteinsdóttir hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) bendir á, vegna orða Svandísar, að samþjöppun veiðiheimilda sé þó takmörkuð með lögum.

„Þrátt fyrir orð ráðherra nú leyfi ég mér að efast um að almenningur vilji hverfa frá þeim þáttum sem hafa verið grundvöllur að sjálfbærni og verðmætasköpun í atvinnugreininni,“ segir hún.

Heiðrún bendir á að auðlinda-gjaldið sé afkomutengt, hækki þegar vel gengur og lækki þegar lakar árar. Þá sé rétt að hafa í huga að þótt ágætlega gangi nú sé ekki langt frá tveimur loðnulausum árum og kvóti í þorski hafi verið skorinn niður um 50 þúsund tonn á tveimur fiskveiðiárum.

„Hin samfélagslegu verðmæti verða ekki aukin með auknum álögum, þau verða fyrst og síðast aukin með því að treysta samkeppnishæfni og með aukinni verðmætasköpun,“ segir Heiðrún. ■

100% RAFMÖGNUM
ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanþéttar.

FIAT500

FIAT.IS

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



**2-3 DAGA
AFHENDING**

SALE

FASHION KIDS SPORT BEAUTY HOME



Langflestir, eða 88 prósent allra þátttakenda, hjóluðu í vinnuna.

Hjóluðu á þriðja hundrað hringja kringum landið

birnadrofn@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Þátttakendur í átakinu Hjólað í vinnuna fóru 371.268 kílómetra gangandi, hjólandi og hlaupandi til og frá vinnu í ár, það jafngildir rúmlega 277 hringjum í kringum Ísland.



Þátttakendur fóru samanlagt 371.268 kílómetra.

Átakið var haldið í tuttugasta sinn og stóð yfir dagana 4. til 24. maí. Íþrótt- og Ólympíusambandið stendur fyrir átakinu til að vekja athygli á heilsusamlegum ferðamáta.

5.319 þátttakendur voru í Hjólað í vinnuna í ár. Langflestir þeirra hjóluðu í vinnuna, eða 88 prósent. ■

Segir biðtíma eftir aðgerð óboðlegan

Trans maður gagnrýnir seina-gang í heilbrigðiskerfinu, en hann er búinn að biða í tvö og hálf ár eftir kynleiðréttingar-aðgerð. Hann segir óboðlegt að trans fólk, sem þegar sé svo jaðarsettur hópur, komist ekki í lífsnauðsynlegar aðgerðir.

emd@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er búinn að vera á biðlista síðan 2019 og er alltaf að halda að ég sé að fara í aðgerð bráðum. Ég er alltaf að hugsa að það hljóti að fara að koma að mér. Svo þegar ég hringdi á Landspítalann í síðustu viku var mér sagt að ég væri á biðlista, en ekki væri hægt að gefa mér svar um nákvæmlega hvenær ég fengi að fara í aðgerð. Það yrði þó ekki fyrir sumarið. Mér var bara sagt að tékka aftur á stöðunni í haust. Ég veit í raun ekkert hvar á listanum ég er staddur eða hversu lengi ég þarf að biða. Það vantar svo skýrar línur í þessu,“ segir Snævar Óðinn Pálsson.

Meðalbiðtimi eftir kynleiðréttingaraðgerð hefur lengst mikið síðustu þrjú árin, eða um rúmlega 24 mánuði. Í svari Willums Þórs Þórs-sonar heilbrigðisráðherra í febrúar síðastliðnum, við fyrirspurn Evu Daggar Davíðsdóttur þingmanns Vinstri grænna, um biðtíma vegna kynleiðréttingaraðgerða, var bið-tíminn 6,6 mánuðir árið 2019. Árið 2020 hafði biðtíminn lengst í 14,6 mánuði og árið 2021 var biðtíminn orðinn 31,1 mánuður.



Snævar segir það vont að fá engin svör varðandi stöðu sína á biðlista eftir kynleiðréttingaraðgerð, en hann hefur verið á listanum í tvö og hálf ár.

MYND/ADSEN



Þetta verður loka-hnykkurinn í áttina að því að verða heill en ekki hálfkláraður.

Snævar Óðinn Pálsson

Snævar segir slíka bið mjög erfiða fyrir fólk í sinni stöðu, þá sérstaklega þegar kemur að andlegri heilsu.

„Ég er í endurhæfingu eins og er uppi á geðdeild út af kvíða. Ég hætti að vinna í fyrra, af því ég fékk svo mikinn kvíða og þunglyndi og bara réði ekki við lífið. Og svo er þessi bið að bætast ofan á það,“ segir Snævar, og bætir við að þrátt fyrir að endurhæfingin reynist honum mjög vel og honum liði almennt betur sé staðan samt sem áður erfið.

„Það er bara svo vont að fá engin svör,“ segir Snævar.

Kynleiðréttingarferli Snævars hófst árið 2015 og hefur hann farið í fimm aðgerðir. Aðgerð sem hann

biður eftir verður því sú sjötta.

„Þetta er svo mikilvægt fyrir mig og mitt sálarlíf að ég klári þessa síðustu aðgerð. Þetta verður loka-hnykkurinn í áttina að því að verða heill en ekki hálfkláraður. Ég vissi alveg þegar ég byrjaði í þessu að þetta yrðu nokkur ár, en ég bjóst ekki við að þurfa að biða svona ofsa-lega lengi eftir einni aðgerð,“ segir Snævar. Þetta sé þó staða margra í hans stöðu.

„Við erum svo jaðarsettur hópur að það þarf litid til þess að við lendum undir í samfélaginu. Það að við komumst ekki í aðgerðir sem eru lífsnauðsynlegar er náttúrulega bara hræðileg staða,“ segir Snævar. ■

Hæsta bensínverð Íslandssögunnar

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR „Við höfum aldrei séð svona tölu í krónum og aurum,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Litrinn af bensíni stóð í tæpri 321 krónu á þjónustustöð N1 í Reykjavík við Hringbraut í gær. Dýrastur var dropinn í Hrauneyjum, 325.80 krónur. Lægsta almenna verð var að jafnaði 312-314 krónur.

Heimsmarkaðsverð á jarðefnaeldsneyti hefur meira en tvöfaldast á einu ári. Verðbólgan er að miklu leyti rakin til innrásar Rússa í Úkraínu. Kostnaðarverð á eldsneytis-litra er nú á Evrópumarkaði um 146 krónur. Fyrir ári kostaði litrinn undir 70 krónum.

Fyrir Íslendinga kemur þessi þróun sér mjög illa, þar sem skattar slaga upp í 50 prósent af verði hvers lítra. Runólfur segir að ástandið bitni mest á þeim sem búa í dreif-



Hún var ekki frýnileg fyrir veskið, krónutalan sem við blasti hjá þeim sem þurftu að taka bensín hjá N1 á Hringbraut í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þýli og eigi um lengstan veg að fara.

„Krafan er að fá tímabundna niðurfellingu vörugjalds bensíns og lækkun á olíugjaldi. Þetta uppsprengda verð hefur ekki bara áhrif á afkomu fólks og vísitölu heldur margfaldast þetta hressilega út í allt vöruverð,“ segir Runólfur.

FÍB hefur skorað á stjórnvöld að koma til móts við almenning með skattalækkun. Í fjármálaáætlun er áformuð breyting á sköttum ökutækja, meðal annars vegna orkuskipta. Að sögn Runólfs hefur félagið óskað eftir aðkomu, án árangurs. ■

Ísland dýrasta ferðamannalandið

kristinnhaukur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Í könnun og greiningu gerðri af breska Póstinum kemur í ljós að Ísland er dýrasti ferðamannastaðurinn sem Bretar fara almennt til. Annars vegar voru 2.000 ferðamenn spurðir um hvernig þeir upplifðu kostnað á 26 stöðum. Hins vegar var gerður verðsamanburður á varningi.

Norðurlöndin í heild höfðu að botninum hjá ferðamönnum. Aðeins 42 prósent voru sátt við það sem þau fengu fyrir peninginn. Efst á listanum var Spánn þar sem 92 prósent voru sátt við það sem þau borguðu fyrir.

Þar á eftir kom Grikkland, Portúgal, Tyrkland og Mexíkó en ferðamennirnir töldu Frakkland og Ítalíu



Bretar eru misánægðir með verðlagið á Íslandi.

MYND/ÓTTAR

of dýr, sem og furstadæmið Dúbaí.

Þegar gerður var verðsamanburður á körfu sem inniheldur meðal annars sólarvörn, flugnafælu, kvöldmat, kaffibolla, bjórflösku og kaffi kom í ljós að Reykjavík var

langdýrasti staðurinn. Þar kostuðu vörurnar 186 pund eða tæpar 30 þúsund krónur. Besta verðið var hins vegar að finna á Marmaris í Tyrklandi, aðeins rúmar 30 evrur, eða rúmlega 4 þúsund krónur. ■

8 TO 10 JUNE 2022

Smárin Kópavogur Iceland

13th Icelandic Fisheries Exhibition & Awards

IN PERSON | ONLINE

The largest commercial fishing exhibition in the North

Íslenska sjávarútvegssýningin nær til allra þátta nútímalegs sjávarútvegs

Visit: [Icefish.is](https://icefish.is)

Tel: +44 1329 825335

Email: info@icefish.is

#2022Icefish

Organiser: mercatormedia

Official Logistics Company: TVG-ZIMSEN

Official International Magazine: WORLD FISHING & AQUACULTURE

Official Icelandic Publication: Fiskifréttir

Ferðadagar Hyundai

– hafðu bílinn kláran fyrir sumarið



Plug-in Hybrid



Vél



Rafmótor



Rafgeymir



Hleðsla

Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 6.490.000 kr.

Komdu og skoðaðu nýjustu bílana, úrval af ferðavörum og taktu þátt í freistandi verðlaunaleik sem gæti fært þér glæsilega vinninga!



Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is.

7 ÁRA
Ábyrgð
Framtíðin er örugg

8 ÁRA
Rafhlöðu
ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

B|L

ADHD-biðlistinn lengist hratt

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Biðtíminn eftir ADHD-greiningu er 2,8 ár, samkvæmt svari Willums Þór Þórssonar heilbrigðisráðherra við fyrirsöfnun Ernu Bjarnadóttur, varaþingmanns Miðflokksins. Í dag eru 1.187 einstaklingar í bið eftir fullu greiningarferli hjá ADHD-geðheilsuteymi fullorðinna, sem staðsett er hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Viðmiðunarmörk Landlæknis um ásættanlegan biðtíma eru 30 dagar eftir skoðun hjá sérfræðingi og 90 dagar eftir aðgerð eða meðferð. Ástand ADHD-greininga er því afar slæmt.



Samkvæmt svarinu getur teymið lokið við fullt greiningarferli hjá allt að 30 einstaklingum í mánuði sem þýðir að hægt væri að vinna upp núverandi biðlista á rúmum þremur árum, að því gefnu að enginn nýr myndi bætast á hann. Hafa ber í huga að í september síðastliðnum voru 650 manns á biðlista og hefur hann því lengst um 82 prósent á innan við einu ári.

Samkvæmt svari Willums er biðtíminn núna 2,8 ár. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

»

Frá september til maí hefur biðlistinn lengst úr 650 í tæplega 1.200.

Vandinn er ekki eingöngu bundinn við fullorðna. Í síðasta mánuði greindi Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD samtakanna, frá því að um 800 börn væru á biðlista eftir ADHD-greiningu. Margfalda þyrfti fjármögnun til málaflökksins til að vinna á biðlistunum og koma ástandinu í ásættanlegt horf. ■



Sjálfvirkur opnunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN&GLER
Skútvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Hjóladagar

30% afsláttur af racerum
20% afsláttur af hybrid hjólum

Evrópuverð



HEAD X-Rubi Cross 28"
Verð áður: 97.995,-
Verð nú: 78.396,-

Vökva-diskabremsur
30 girar

***Gildir til 5.júní**



Stórar býflugur hafa yfirtekið Mývatn. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Mývatn laust við mýfluguna en mikið um stórar býflugur

Lítið er nú um hinar þekktu mýflugur í Mývatnssveit. Hlauparar í Mývatnsmaraþoni helgarinnar urðu þó varir við mikið af stórum býflugum. Líffræðingur segir að lífríkið sé í sögulegri lægð.

benediktboas@frettabladid.is

LÍFRÍKI „Ég var nú bara að henda einni út í þessum töluðu orðum,“ segir Árni Einarsson, líffræðingur og forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ), um stórar hunangsflugur sem sjást víða í Mývatnssveitinni þessa dagana.

Mývatnsmaraþonið var haldið um helgina í blíðskaparveðri og tóku hlauparar eftir því að afskaplega lítið var af hinni þekktu mýflugu en býflugurnar voru víða og mjög stórar.

Árni segir að býflugurnar komi á vorin þegar víðirinn blómstri en býflugurnar í ár séu margar og stórar. „Það er mikið af þessum stóru hunangsflugum eða humlum eins og þær eru kallaðar þessa dagana.

Þær voru óvenju snemma að láta á sér kræla í vor og þær eru óvenju margar. Þær koma inn í húsin og skoða sig um mörgum til ama. Við erum að sjá þetta hér hjá okkur hjá RAMÝ á Skútustöðum, þó það séu ekki til neinar mælingar núna um þetta því þær koma eftir á. Við



Frá Mývatnsmaraþoninu um helgina þar sem hlauparar urðu varir við stórar býflugur en ekkert mý – sem telst til tíðinda í Mývatnssveit. **FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS**



Árni Einarsson, forstöðumaður RAMÝ

erum með flugnagildir þar sem maður sér eftiráskýringuna,“ segir Árni sem segir að ástæðan fyrir þessu sé ekki þekkt.

Mývatn er, eins og nafnið gefur til kynna, þekkt fyrir mýflugurnar en Árni segir einfaldlega að það sé ekkert af mý í sveitinni þessa dagana. „Það er ekkert mý í botninum annað árið í röð. Það er reyndar leiðangur úti á vatni núna en það er mjög lítið. Þetta er ein af þessum lægðum í lífríkinu,“ segir hann.

Þegar lífríkið í Mývatni er í lágmarki hefur það áhrif á allt annað, hvort sem það er fugl eða fiskur. „Það hefur áhrif á allt. Silunga-seiðin komast ekki upp og fuglinn kemur ekki upp ungum. Botninn var trúlega síðasta sumar en svo fer þetta aftur upp hægt og bitandi ef að líkum lætur,“ segir Árni.

Lífríkið sveiflast og gengur í takt segir Árni og gerist það á sjö til níu ára fresti að lífríkið dettur niður. Ekki er hægt að kenna veðurfari um, því Árni og hans teymi hafa ekki fundið nein tengsl við hitastig eða sólarstundir eða neitt slíkt. „Það eru kannski einhver tengsl en ekki eitthvað sem við festum hendur á. Þetta gengur í takt á sjö til níu ára fresti og við vitum ekki hvað það er sem orsakar,“ segir Árni. ■

Víkka hæfisreglur kjörstjórnarfólks

adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR Áform um breytingar á kosningalögum eru nú til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda. Kosningalöggjöfin er ný og nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar voru fyrstu kosningarnar sem löggjöfin gildi um. Meðal þess sem til endurskoðunar er, eru ákvæði um hæfi kjörstjórna og kjörstjóra, en ákvæðið leiddi til þess að í mörgum, einkum minni, sveitarfélögum voru kjörstjórnarmenn vanhæfir og þurftu að vikja úr kjörstjórnunum og oft og tíðum gekk erfiðlega að manna kjörstjórnir.

Þá er áformað að endurskoða ýmis ákvæði varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslu, bæði varðandi upphafsdag hennar og opnunartíma á kjördag. Einnig á að skoða hvort breyta eigi ákvæðum um fjölda atkvæðakassa hjá embættum sýslumanna og um flutning þeirra til yfirkjörstjórna.

Ákvæði um sendiumslög utankjörfundaratkvæða verða einnig endurskoðuð en þau eru aðeins



Jón Gunnarsson vill breyta kosningalögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

merkt með kennitölu og kjördeild. Mikillar óánægju gætti með þetta hjá kjörstjórnunum. Nauðsynlegt væri að bæði kæmi fram nafn og heimilisfang kjósenda, til að unnt væri að forflokka utankjörfundaratkvæði niður á kjördeildir og innan kjördeilda. Var það mat margra yfirkjörstjórna að þetta kallaði á mun meiri vinnu og yki villuhættu.

Þá er talið nauðsynlegt að skoða

samspil kosningalaga við lög um starfsemi stjórnmalasamtaka.

Tekið er fram í kynningarskjali að upptalning þess sem taka þurfi til skoðunar sé ekki tæmandi, heldur sé um að ræða þau atriði sem upp komu við undirbúning og framkvæmd kosninganna í maí. Fara þurfi yfir lögina í heild, styrkja lagaheimildir og breyta ákvæðum eftir efni er til. ■



Íþróttافرæðideild Háskólans í Reykjavík

býður upp á fjölbreytt og skemmtilegt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf á fjölmörgum sviðum íþróttar, líkams- og heilsuræktar. Störfin lúta til að mynda að kennslu, þjálfun og stjórnun. Þá öðlast nemendur færni við hagnýtingu rannsókna og kynnast nýjustu tækni til að efla þjálfun, afreksíþróttir og lýðheilsu. Í náminu er mikil áhersla lögð á tengsl við samfélag og atvinnulíf.

NÁMSBRAUTIR Í BODI VIÐ
ÍÞRÓTTAFRÆÐIDEILD HR:

Diplómanám:

- Styrk- og þrekþjálfun

Grunnnám:

- Íþróttافرæði (BSc)

Meistaránám:

- Heilsuþjálfun og kennsla (MEd)
- Íþróttavísindi og þjálfun (MSc)
- Íþróttavísindi, þjálfun og stjórnun (MSc)

Nánari upplýsingar:

hr.is/id

 @haskolinnireykjavik

 @haskolinnireykjavik

 @haskolinn

Tekist á um olíubann á leiðtogafundi ESB

Á meðan barist er til síðasta blóðdropa í austurhéruðum Úkraínu situr Evrópska ráðið á rökstólum til að ákvarða framtíð olíuverslunar við Rússland

thorgrimur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA „Í dag er 96. dagur allsherjarstríðs Rússlands gegn ríkinu okkar, gegn okkur öllum, gegn ykkur öllum, gegn einingu Evrópu.“ Þetta sagði Volodímír Selenskij, forseti Úkraínu, í myndvarpsávarpi til leiðtoga ESB á fundi Evrópska ráðsins sem hófst í Brussel í gær. „Á svona fundum vill Rússland ekki sjá eiginlegt evrópskt ráð og ekki eitt Evrópusamband, heldur 27 ríki, 27 brot sem ekki er hægt að sameina í eina heild.“

Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins funduðu í gær og í dag til að ræða nýjar efnahagsþvinganir gegn Rússlandi vegna innrásarinnar í Úkraínu. Vonir margra leiðtoga ESB stóðu til þess að fallist yrði á verslunarbann á rússneska olíu og gas. Helsti þrándur í götu slíks banns hefur verið Viktor Orbán, forsætisráðherra Ungverjaland, sem hefur líkt mögulegu innflutningsbanni á gas og olíu frá Rússlandi við að varpa „kjarnorkusprengju“ á ungverskan efnahag.

Í gær höfðu embættismenn ESB lagt drög að frumvarpi um olíuverslunarbann með tímabundinni undantekningu fyrir innflutning á hráolíu í gegnum leiðslur. Ungverja-



Volodímír Selenskij ávarpar Evrópska ráðið á leiðtogafundi ESB í gær.

MYND/EPA

land flytur inn alla olíu í gegnum leiðslur og yrði því undanþegið þess háttar banni að mestu leyti. Orbán sagði fyrir fundinn að þetta væri „rétt nálgunin“ en átti þó eftir að leggja endanlega blessun sína yfir samkomulagið. Meðal annars vildi hann leyfi fyrir því að flytja olíu til Ungverjaland með skipum eflakað verður á Druzhba-olíuleiðsluna, sem sér Ungverjum fyrir mestöllum olíuforða sínum.

Leiðtogarnir sem sóttu fundinn

voru misbjartsýnir á að komast að samkomulagi um málefnið. Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagðist ekki búast við því að málið yrði útkljáð á næstu tveimur sólarhringum, en var þó vongóð um að komist yrði að sátt um verslunarbann eftir fundarlok. Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, sagðist hafa „heyrt merki þess að hægt yrði að komast að samkomulagi“ en Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, sagðist harð-

ákveðin í að komast að niðurstöðu á fundinum.

Í ávarpi sínu frá Kænugarði minntist Selenskij á áhlaup Rússa í Donbas og sagði þá sýna hvernig skekja mætti samheldni Evrópu-þjóða. Rússum hefur miðað töluvert áfram með áhlaupinu á síðustu dögum og Úkraínumenn viðhalda aðeins stjórn í litlum hlutum héraðanna Donetsk og Lúhansk. Rússar hafa viðurkennt sjálfstæði „alþýðulýðveldanna“ tveggja í héruðunum

Á svona fundum vill Rússland ekki sjá eiginlegt evrópskt ráð og ekki eitt Evrópusamband, heldur 27 ríki, 27 brot sem ekki er hægt að sameina í eina heild.

Volodímír Selenskij, forseti Úkraínu

og segja „frelsun“ þeirra vera höfuðmarkmið áhlaupsins.

Nú stendur yfir harður bardagi um borgina Sjevjerodonetsk, sem er stærsta borgin í Lúhansk sem enn er undir úkraínskri stjórn. Borgarstjóri Sjevjerodonetsk, Oleksandr Strjúk, staðfesti í gær að rússneskir hermenn væru komnir inn í borgina og að götubardagar stæðu yfir innan hennar. Enn eru eftir um 12.000 til 13.000 óbreyttir borgarar í borginni sem flestir hafa leitað skjóls í kjöllum og sprengjuskýlum undan loftárásum rússneska hersins. Fyrir innrásina var fjöldi borgarbúa í kringum 100.000.

Í viðtali sínu við Associated Press taldi Strjúk að um 1.500 óbreyttir borgarar í Sjevjerodonetsk hefðu verið drepnir síðan innrásin hófst. „Borgin hefur verið lögð í rúst,“ sagði hann. ■

Akademísk staða við lagadeild



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST



Auglýst er laus til umsóknar akademísk staða við lagadeild Háskólans á Bifröst. Við leitum að einstaklingi með metnað og áhuga á að taka virkan þátt í þróun kennslu og rannsókna við deildina. Bifröst leggur áherslu á samþættingu fræða og framkvæmdar í kennslu og er leiðandi í þróun hagnýts fjarnáms á háskólastigi hér á landi. Starfsstöðvar skólans er á Bifröst og í Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Kennsla á fræðasviðinu
- Leiðbeining í lokaritgerðum
- Rannsóknir og fræðastörf á fræðasviðinu
- Þátttaka í stefnumótun og stjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorspróf á fræðasviðinu
- Kennslureynsla á háskólastigi
- Rannsóknareynsla
- Reynsla af uppbyggingu og mótun námskeiða og/eða námsbrauta
- Reynsla af stjórnun á háskólastigi er kostur
- Góð reynsla og tengsl við atvinnulíf
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Leiðtoga- og skipulagsfærni
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti

Tekið verður tillit til þarfa og áherslna lagadeildar og hve vel umsækjendur falla að þeim.

Með umsókn fylgi ferilskrá yfir nám, störf og rannsóknir þar sem kennslureynsla er m.a. útlistuð, afrit af útskriftarskírteinum ásamt stuttu kynningarbréfi. Í kynningarbréfi komi fram áhugasvið, sýn, nálgun og áherslur umsækjanda í kennslu og rannsóknum.

Nánari upplýsingar veita Elín H. Jónsdóttir, deildarforseti, deildarforsetiLD@bifrost.is og Hulda Dóra Styrmisdóttir, mannauðsstjóri, mannauðsstjori@bifrost.is. Sótt er um störfín á vinnumiðlunarvefnum alfred.is

Miðað er við ráðningar frá og með 01.8.2022 eða fyrr. Starfsheiti verða ákvörðuð út frá hæfismati.

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 10.6.2022 n.k.

bifrost.is



Kynna nýjan bókstaf í ökuskírteini fyrir kynsegin fólk

emd@frettabladid.is

BANDARÍKIN Kynsegin New York-búar þurfa brátt ekki lengur að auðkenna sig sem karlkyns eða kvenkyns á ríkisútgefnum skilríkjum, þar á meðal ökuskírteinum.

Í samræmi við ný lög í fylkinu um kynviðurkenningu, sem taka gildi þann 24. júní næstkomandi, er bókstafurinn „X“ nú tiltækur sem skráning á kyni á ökuskírteinum, ökuleyfum, eða hvers kyns per-




Auk M og F verður hægt að nota stafinn X

sónuskilríkjum sem gefin eru út af New York-fylki.

Kathy Hochul, ríkisstjóri New York, segir þessa breytingu þarfa.

„Hver einasta manneskja, óháð kynvitund eða tjáningu, á það skilið að eiga persónuskilríki sem endurspeglar hver hún/hann/hán er,“ segir Hochul.

Þeir New York-búar sem þegar eru með gild ökuskírteini eða persónuskilríki geta breytt skráningu kyns síns úr „M“ eða „F“ í „X“. Og þeir sem eru að sækja um persónuskilríki eða ökuskírteini í fyrsta skiptið hafa nú þrjá valkosti þegar kemur að skráningu kyns. ■



Með nýjum lögum um kynviðurkenningu getur kynsegin fólk nú fengið bókstafinn X skráðan á ökuskírteini eða persónuskilríki.

MYND/TWITTER



Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, vill færa þýska herinn inn í nútímann.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þýskaland eykur verulega framlög til hernaðarmála

ragnarjon@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Stjórnvöld í Þýskalandi hafa komist að samkomulagi um að nútímavæða þýska herinn fyrir 100 milljarða evra, eða um 13,8 trilljónir íslenskra króna.

Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, hefur verið ótull talsmaður aukningar á hernaðargetu landsins síðan Rússland réðst inn í Úkraínu fyrr á þessu ári. Erfitt hefur þó reynst að mynda samstöðu um málið innan þingsins.

Með þessu er Þýskaland að standa við samkomulag sitt við aðildarríki NATO um að 2 prósent eða meira af landsframleiðslu skuli varið til varnarmála á ári hverju en hingað til hefur framlag Þýskalands verið í kringum 1,5 prósent. Síðan í kalda stríðinu hefur her Þýskalands minnkað með reglubundnum hætti en hann telur nú 200.000 hermenn í stað 500.000 í kringum 1990.

Þverpólitísk samstaða var nauðsynleg til þess að fjármagna innspýtinguna en framlagið verður fjármagnað með aukinni skuldsetningu landsins. Í stjórnarskrá Þýskalands eru sett fram skýr mörk um skuldsetningu en til að gera breytingar á henni verða tveir þriðju hlutar þingsins að gefa vilyrði sitt.

Hið aukna fjármagn verður notað til að nútímavæða hernaðargetu Þýskalands en einnig til framleiðslu og kaupa á hergögnum. ■

Höfðu fundið alla farþega nema einn

birnadrofn@frettabladid.is

NEPAL Yfirvöld í Nepal gáfu í gær út tilkynningu þess efnis að líkamsleifar allra farþega flugvélar sem fórst í Himalajafjöllum á sunnudag, fyrir utan eins, væru fundnar.

Flugvélin, sem var á vegum flugfélagsins Tara Air, hrapaði í lélegum veðurskilyrðum en þéttskýjað var þegar atvikið átti sér stað. Nepalski herinn fann vélina í gær.

Sextán Nepalar voru um borð í vélinni ásamt tveimur Þjóðverjum og fjórum Indverjum. Ekki er talið líklegt að farþeginn sem enn er leit að finnist á lífi. Reuters greinir frá. ■

Álagningu skatta á einstaklinga er lokið

Niðurstöður álagningar 2022 eru nú aðgengilegar á þjónustuvefnum skattur.is



Barnabætur, vaxtabætur og inneignir verða greiddar út 1. júní. Athygli er vakin á því að sérstakur barnabótaauki verður greiddur út 1. júlí.

Upplýsingar um greiðslustöðu veitir Skatturinn og sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins.

Kærufrestur rennur út 31. ágúst 2022.

Upplýsingar um álagningu eru veittar í síma 442 1414. Svör við fyrirspurnum um innheimtu eru veitt í síma 442 1000.

**Skatturinn**

skatturinn@skatturinn.is

Upplýsingaver er opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

Stjórn í lífsháska



Elin
Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra þreytti nýja eldraun á dögnum þar sem „líf“ ríkisstjórnarinnar hékk á bláþræði. Fyrst var það Íslandsbankamálið sem reið yfir þjóð og þing. Klúður er fyrsta orðið sem kemur upp í hugann þegar það mál er skoðað. Sérmeðferð fátta útvalinna í fjármálakerfinu og útteiling hraðgróðatækifæra vakti upp alvarlegar spurningar meðal almennings um hvort viðskiptahættir á árunum í kringum bankahrunið væru snúnir aftur. Lilja Alfreðsdóttir viðskiptaráðherra opinberaði að hún hefði lýst áhyggjum sínum af Íslandsbankasölunni á fundi ráðherranefndar fyrir sölu. Íslandsbankamálinu er hvergi nærri lokið. Ríkisendurskoðun ásamt fjármálaeftirlitinu reynir nú að kafa ofan í það. Hvort eitthvað kemur út úr þeim rannsóknum sem máli skiptir er allsendis óvíst. Tíminn verður að leiða það í ljós.

Svo fréttist það að vísa ætti 250 flóttamönnum úr landi. Þessi stóri hópur hælisleitenda hafði dvalið á Íslandi mun lengur en venja er vegna Covid-19. Fjölskyldur voru að sjálfsögðu farnar að festa hér rætur, börn höfðu fæðst og önnur byrjað í leik- eða grunnskóla.

Leynd hvílir alla jafna yfir því sem fram fer á ríkisstjórnarfundum, en þriðjudagsmorguninn 24. maí síðastliðinn hafði greinilega sokið upp úr við ríkisstjórnarborðið. Það opinberaðist óvænt það sama kvöld.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kom á Fréttavaktina á Hringbraut og sagði að verið væri að skoða samsetningu hópsins. Síðan leið tæpur klukkutími. Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra mætti í Kastljós og lýsti því yfir að samstaða væri um verklag í málinu.

En þá skapaðist aftur „lífshættulegt“ ástand innan stjórnarinnar aðeins nokkrum vikum eftir Íslandsbankaupþakomuna. Guðmundur Ingi Guðbrandsson félagsmálaráðherra fékk greinilega nóg við að hlusta á ummæli dómsmálaráðherra. Guðmundur ákvað að rjúfa hinn hefðbundna trúnað sem ríkir á ríkisstjórnarfundum, mætti í beina útsendingu í tíufréttum Sjónvarpsins og sagði hug sinn í málinu.

Í kjölfarið lýsti dómsmálaráðherra því yfir að fjölskyldufólk yrði ekki sent í flóttamannabúðir í Grikklandi. En nægir sú yfirlýsing? Hvað með þá sem eiga til dæmis fötluð börn sem eru orðin 18 ára, eins og írönsk fjölskylda sem verið hefur í fréttum? Flóttamannamálinu er hvergi nærri lokið, fremur en Íslandsbankamálinu og það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig ríkisstjórnin leysir úr þeim. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

Falleinkunn Puma

Nýja landsliðstreyjan var frumsýnd í gær en hún er gerð af Puma og mun landsliðið í fótbolta spila í þessari treyju næstu tvö ár. Treyjan fékk vægast sagt harða dóma af dómstóli Twitter-samfélagsins. Stigur Helgason, fréttamaður á Ríkisútvarpinu, spurði einfaldlega: Hvað er að? Atli Fannar Bjarkason fjölmiðlamaður spyr hvort þetta sé fótboltatreya eða verðbólguþpá. Engu skárri eru ummælin á fésbókarsíðu Knattspyrnusambands Íslands. Þar er reyndar orrahríðin slík að ekki er mögulegt að birta öll ummælin.

Hettur

Fyrirsæturnar á frumsýningunni, þeir Hörður Björgvin Magnússon og Jón Dagur Þorsteinsson, voru báðir klæddir í hettupeysu undir treyjunni. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort þetta sé partur af nýja búningnum eða hrein tilviljun. Reyndar gæti hetta verið nokkuð brögðótt viðbót hjá Knattspyrnusambandinu. Ekki aðeins vegna hins íslenska veðurfars heldur einnig til þess að leikmenn geti hulið sig þegar þeir lúta í gras fyrir andstaðingum sínum. Það er nefnilega útlit fyrir að það verði aftur vaninn. ■

„Það leggur á stað með tárum“



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Í Brekkukotsannál Halldórs Laxness sem er látinn gerast undir lok 19. aldarinnar segir: „Í það mund sem ég var að verða til, þá var þar í kotinu mikill örtröð af því fólki sem nú á dögum heitir flóttamenn; það er að flýa land; það leggur á stað með tárum úr heimkynnum sínum og ættbygd af því svo illa er að því búið að börn þess ná ekki þroska heldur deya.“

Að rífa sig og sína upp og fara á vergang

Þessi klausa minnir okkur á sögu okkar Íslendinga sem einkennist af flótta undan náttúruhamförum, örbirgð og vonlausum aðstæðum. Sum okkar flýðu landshluta á milli – önnur alla leið til Ameríku þar sem margvisleg örlög biðu fólks. Við vitum að ærnar ástæður þarf til að fólk rífi sig og sína upp með rótum til að fara á vergang í heiminum og það er skylda okkar að búa fólki sem hingað leitar þar aðstæður að það geti komið undir sig fótunum og byggt upp tilveruna á ný.

- Vinna við skipulagningar námsskrár
- Rýna og fylgja eftir spennandi tækifærum í uppfærslum á námsefnisgerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærileg menntum sem nýtist í starfi
- Góð skipulagshæfni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Reynsla af stýringu verkefna
- Góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Þekking á starfssemi félagsins á sviði slysavarna- og/eða björgunarmála er kostur
- Kunnátta á streymisbúnað/ tækniþúnað er kostur
- Kennsluréttindi er kostur
- Hreint sakavottorð

Starfshlutfall er 100% og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri björgunarskólans í síma 5705900 eða á arna@landsbjorg.is

Umsóknafrestur er til og með **6. júní**. Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið: starf@landsbjorg.is

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landsamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi.

Félagið er ein stærstu samtök sjálfbóðaliða á Íslandi.



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- Skólphreinsistöð á Djúpavogi
- Snjóflóðavarnir á Bíldudal

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111 /2021. Ákvarðanir eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **1. júlí 2022**.

Aðalskipulagsbreyting vegna gistipjónustu – Lýsing

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033.

Á 121. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 20. janúar 2022 og á 940. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 26. janúar 2022 var samþykkt að gerð verði breyting á gildandi aðalskipulagi bæjarins 2015-2033 þannig að gisting, önnur en heimagisting, sé óheimil í íbúðahverfum. Sett verði inn setning í almenna skilmála íbúðarsvæða á bls. 60 í greinargerð. Þar stendur nú þegar: Óheimilt er á íbúðarsvæðum að reka áfengisveitingastaði, sbr. flokk II og III skv. 4. gr. laga nr. 85/2007. Á eftir þessari setningu kæmi: Óheimilt er einnig á íbúðarsvæðum að reka gistingu aðra en heimagistingu sbr. 3. gr. sömu laga.

Lýsingin er kynnt frá og með 1. júní 2022 til og með 14. júní 2022 og verður til sýnis á skrifstofu Skipulags- og umhverfis- sviðs Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 1. Einnig má nálgast tillöguna á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en **14. Júní 2022**.

Seltjarnarnesi, 30. maí 2022
Brynjar Þór Jónasson
Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar



Seltjarnarnesbær seltjarnarnes.is

REXTON

DULDIR HÆFILEIKAR AÐ HEYRA ÓSJÁLFRÁTT ÞAÐ MIKILVÆGASTA



Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.





Steinunn með Íslandsmeistaratitlinn í Safamýrinni sem hún segir að sé henni hálfgerð æskuheimili.

FRÉTTABLAÐID/
ERNIR

Þessi titill verður sérstaklega eftirminnilegur

Steinunn Björnsdóttir segir það viðeigandi að sigursælasta félag kvennaboltans frá upphafi, Fram, hafi unnið Íslandsmeistaratitil á lokaári sínu í Safamýrinni áður en haldið er á nýjar slóðir.

kristinnpall@frettabladid.is

HANDBOLTI „Þessi tilfinning þreytist ekki og í raun virðast titlarnir alltaf toppa þá fyrri. Ég held að þessi verði sérstaklega eftirminnilegur því ég fann það daginn eftir leikinn að það var ákveðinn dæði vitandi að kafla okkar í Safamýrinni sé lokið.

Fyrir vikið er maður ótrúlega þakklátur að hafa náð að ljúka þeim kafla með titli,“ segir Steinunn Björnsdóttir, leikmaður Fram, spurð hvort Íslandsmeistaratitill liðsins um helgina hafi haft aukna þýðingu í ljósi þeirra tímamóta sem eru fram undan hjá sigursælasta félagi landsins í kvennaboltanum.

„Það gefur þessum titli svoltið aukna vigt og ég er viss um það þegar ég lít til baka seinna meir

að þessi verður mér mikilvægur til lengri tíma.“

Steinunn er, eins og nokkrar úr kjarna liðsins sem voru að fagna fjórða Íslandsmeistaratitli félagsins á síðustu níu árum, svo gott sem uppalin í Framheimilinu. Það verða því viðbrigði þegar Fram hefur nýjan kafla í sögu félagsins þegar það flytur starfsemi sína í Úlfarsárdal á næstu mánuðum.

„Það er auðvitað erfitt að fullyrða en fyrir mér hefur þetta verið einstakt tímabil og Safamýrin eins og æskuheimili. Að hafa fengið að vera þarna í Framheimilinu í allan þennan tíma þar sem fjölskyldan mín hefur verið stór hluti af þessu og bestu vinkonur,“ segir Steinunn og að það sé auðvitað um leið spennandi að taka þátt í nýjum kafla félagsins og er ekkert á því að láta staðar numið.

„Að sama skapi eru ótrúlega spennandi tímar fram undan, það kemur tilhlökkun fyrir því að fara í eitthvað nýtt, stærra og með frábærri umgjörð. Núna er maður auðvitað leiður yfir að vera að fara úr Safamýrinni en það verður

”

Núna er maður auðvitað leiður yfir því að fara úr Safamýrinni en það verður spennandi að taka þátt í þessum nýja kafla félagsins.

Steinunn Björnsdóttir

spennandi að taka þátt í þessum nýja kafla félagsins. Ég er samningsbundin í ár í viðbót og er ekki að fara að leggja skóna á hilluna.“

Steinunn sneri aftur inn á völlinn í tæka tíð fyrir úrslitakeppnina, eftir að hafa slitið krossband síðasta vor. Stuttu áður en það gerðist var hún fjarverandi vegna höfuðhöggs og var því nýkomin af stað að nýju

þegar hún meiddist illa í leik Íslands og Norður-Makedóníu.

„Það var ótrúlegt áfall að slíta krossbandið á þessum tíma. Ég var orðin aftur upp á mitt besta þegar krossbandið slitnar í landsleik í mars. Á þeim tímamarki sá ég ekki endilega fram á að geta tekið þátt á þessu tímabili heldur, sem var erfitt að kyngja. Manni var skyndilega kippt út úr því sem maður elskar að gera en ég naut góðs stuðnings frá fjölskyldunni og sjúkrahjálfaranum.“

Steinunn vakti athygli þegar hún var komin aftur í lið Fram sex vikum eftir barnsburð og viðurkennir að það hafi um tíma verið erfitt að sitja á sér í endurhæfingunni.

„Sjúkrahjálfarinn minn, Rúnar Pálmarsson, sá vel um mig og sá til þess að ég myndi ekki fara of geyst af stað og fara eftir því sem fræðin segja. Hann var duglegur að minna mig á það, þótt það hafi verið komin ansi mikil eftirvænting í upphafi ársins þegar mér fannst ég vera tilbúin. Það voru margir sem slógu á létta strengi og höfðu orð á því að ég yrði enga stund að ná mér af þessu

stuttu eftir að ég meiddist,“ segir Steinunn glettin.

Einvígið sjálft var gríðarlega spennandi. Þrír af fjórum leikjunum enduðu á eins marks sigri og í þeim fjórða var munurinn eitt mark þegar mínúta var eftir. Steinunn tekur undir að það hafi ekki verið margt sem skildi liðin að, aðspurð hvað hafi ráðið úrslitunum.

„Fyrst og fremst var þetta frábært einvígi. Það sem mér fannst skilja liðin að í lok dags voru litlu hlutirnir. Við vorum að fá þessi klóku en auðveldu mörk. Svo var Hafdís (innsk. Renötudóttir, markvörður Fram) frábær í einviginu á meðan markmenn Vals náðu sér ekki jafn vel á strik.“

Steinunn fer fögrum orðum um Stefán Arnarson, þjálfara Fram, sem var að vinna sinn sjöunda Íslandsmeistaratitil.

„Stefán er auðvitað frábær þjálfari. Hann nær alltaf að halda ótrúlega góðri liðsheild hjá liðunum sínum og gerir hlutina svo skemmtilega og um leið einfalda. Hann heldur liðunum sínum í frábæru standi og er um leið ótrúlega klókur.“ ■

Lásu um það á netinu að þeir væru í landsliðshópi Arnars

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Fleiri en einn og fleiri en tveir leikmenn íslenska landsliðsins sem kynntir voru í hóp liðsins í síðustu viku lásu um það á veraldarvefnum að þeir væru í hópi Arnars Viðarssonar. Íðulega eru leikmenn sem eru í landsliðshóp látnir vita áður en hópurinn er kynntur opinberlega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru nokkrir leikmenn hissa á stöðu mála þegar þeir lásu það á vefmiðlun síðasta miðvikudag að þeir væru í hópi Arnars fyrir verkefnið í júní. Heimildarmaður Fréttablaðsins segir að samskipti

»

Mörgum leikmönnum finnst samskiptum ábótavant.

þjálfarateymis við leikmenn sem koma til greina í landsliðið séu lítil. Nánast engin samskipti eiga sér stað á milli verkefna og nú þegar valið er í hópinn eru nokkrir leikmenn sem lesa um það á vefmiðlun að krafa þeirra sé óskað í landsliðinu.

Arnar Þór Viðarsson hefur stýrt landsliðinu í 18 mánuði en gengi




Arnar Þór Viðarsson er á leið inn í fjóra landsleiki. FRÉTTABLAÐID/EPA

liðsins innan vallar hefur verið slakt, kynslóðaskipti hafa átt sér stað en framfarir á leik liðsins hafa ekki verið áþreifanlegar. Arnar heldur enn í vonina um að eldri og reyndari leikmenn liðsins gefi kost á sér á komandi mánuðum til að reyna að snúa við slöku gengi. Óvíst er hins hvort eða hvenær eldri leikmenn ná heilsu, gefi aftur kost á sér og þar fram eftir götunum.

Liðið leikur þrjá leiki í Þjóðadeildinni í júní en um er að ræða fyrstu keppnisleiki liðsins frá því að Arnar skipti út aðstoðarmanni sínum Eidi Smára Guðjohnsen en í hans stað er Jóhannes Karl Guðjónsson mættur til starfa. ■

Leikir Íslands í júní

- **Ísrael - Ísland** fimmtudaginn 2. júní á Sammy Ofer Stadium kl. 18.45
- **Ísland - Albanía** mánudaginn 6. júní á Laugardalsvelli kl. 18.45
- **San Marínó - Ísland** fimmtudaginn 9. júní á Stadio Olimpico di Serravalle kl. 18.45
- **Ísland - Ísrael** mánudaginn 13. júní á Laugardalsvelli kl. 18.45



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345





Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Guðríður Karen Bergkvistsdóttir

Boðarþingi 10, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
Liknardeild Landspítalans að
morgni uppstigningardags 26. maí.

Útförin fer fram frá Lindakirkju Kópavogi 1. júní kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnst hennar er bent á
Krabbameinsfélagið. Þakki til Liknardeildar Landspítalans
fyrir einstaka hjúkrun og hlýtt viðmót. Athöfninni verður
streymt á eftirfarandi vefslóð: lindakirkja.is/utfarir

Jón B. Guðmundsson

Helena S. Stefánsdóttir

Nanna Þ. Jónsdóttir

Sigurjóna Jónsdóttir

Guðmundur B. Jónsson

Þórður M. Jónsson

Aðalsteinn Jónsson

Ólafur Þ. Auðunsson

Árni Gíslason

Víglundur Þórðarson

Ólína B. Einarsdóttir

Thanh Tam Ha

Júlíana G. Þórðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug
og vináttu við andlát og útför okkar
ástkæru eiginkonu og móður,

Þórdísar Hrannar Þorgilsdóttir

Básenda 4,

sem lést þriðjudaginn 10. maí og
var jarðsungen föstudaginn 20. maí.

Sérstakar þakki viljum við færa öllu hinu frábæra
fólki hjá kvennadeild Landspítalans við Hringbraut,
heimþjónustunni, HERU og Liknardeild Kópavogs
fyrir hlýju og góða umönnun.

Magnús Magnússon
Guðlaug Sól Magnúsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Auður Magnúsdóttir

áður til heimilis að

Hörðalandi 22, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum miðvikudaginn
11. maí. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þórunn Oddný Rögnvaldsdóttir
Fjola Sigurveig Rögnvaldsdóttir
Ásta Guðbjörg Rögnvaldsdóttir

Arnaldur Austdal Rögnvaldsdóttir

Arnór Árnason

Patrína Rögnvaldsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Vilmundur Þór Gíslason

hljóðmeistari,

lést aðfaranótt 17. maí á 14 EG á LSH.
Hann verður jarðsungen frá Lindakirkju
fimmtudaginn 2. maí klukkan 13.

Blóm og kransar afþakkaðir
en þeir sem vilja minnst hans
geta styrkt SOS barnaþorpin.

Hrafnhildur K. Óladóttir

Laufey Vilmundardóttir

Óli Kristinn Vilmundarson

Sævar Þór Vilmundarson

Hermann Hinriksson

Pálina Snorradóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Það dugði ekkert minna en finasta þúss að hætta heimamanna í ferðinni til Cornwall.

MYND/ADSEND

Kepptu á kóramóti í kastala

Það má búast við blöndu af barbershop-tónlist, poppi og klassískum kórögum á tónleikum Raddbandafélags Reykjavíkur í Laugarneskirkju í kvöld.

arnartomas@frettabladid.is

Með brons á vör er yfirskrift tónleika Raddbandafélags Reykjavíkur í Laugarneskirkju klukkan 20 í kvöld, þar sem má búast við blöndu af barbershop, poppi og klassískum lögum. Kórinn á sér skemmtilega sögu en hann á rætur sínar að rekja í kvartettinn Góðir í boði.

„Sigurður Demetz átti níutíu ára stórafmæli árið 2002 og þeir voru fjórir sem tóku sig saman og heimsóttu hann á Ítalíu,“ segir Einar Gunnarsson hjá Raddbandafélaginu. „Í kjölfarið urðu átta og síðar þróaðist þetta í kór.“

Raddbandafélagið hefur faglegan metnað að leiðarljósi en félagslega hliðin er þó aldrei langt undan. Einar segir að einu sinni hafi staðið til að leggja félagið niður, án árangurs.

„Við vorum með einhverja peninga sem við nýttum til að halda erfidrykkju fyrir félagið. Hún var þó svo skemmtileg að það var ákveðið að halda áfram,“ segir hann og hlær.

Kórsöngur í kastala

Fyrr á árinu lagði kórinn land undir fót og hélt til Cornwall á Englandi til að taka þátt í kórmóti sem haldið er



Félagarnir hömpuðu þriðja sæti á kórmótinu.

MYND/ADSEND

á tveggja ára fresti. „Við vorum í hóp með tólf kórum og enduðum í þriðja sæti þar,“ segir Einar, sem segir að laga-val sveitarinnar hafi fallið vel í kramið hjá áheyrendum. „Svo var lúkkið ekki að skemma fyrir.“

Í ferðalaginu fóru félagarnir um allan skagann og héldu tónleika. Ævintýrið

endaði svo að lokum með tónleikum í kastala syðst á skaganum. Einar segir þau húsakynni hafa ýtt enn fremur undir stemninguna.

„Þetta er bæði fallett svæði og skemmtilegt fólk,“ segir Einar sem hvetur fólk til að koma á tónleikana í kvöld. ■



Elskulegur eiginmaður,
faðir, sonur og bróðir,

Kjartan Ingi Sveinsson

andaðist 13. maí 2022 á sjúkrahúsinu
á Selfossi. Útför hans fer fram
frá Eyrarbakka kirkju fimmtudaginn
2. júní 2022 kl. 14.

Kristina Sveinsson

Sindri Ívan, Ingunn og Sóley Anna

Rannveig Sverrisdóttir

Valgeir og fjölskylda

Sverrir og fjölskylda

Magnús Þórir og fjölskylda.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Magnús Rafn Helgason

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
Landspítala við Hringbraut
sunnudaginn 15. maí sl. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey að hans ósk.

Við þökkum af hjarta auðsýnda samúð og hlýhug.
Sérstakar þakki færum við starfsfólki deildar 14 - EG á
Landspítala fyrir einstaka umönnun í veikindum hans.

Jónína Sigurbjörg Runólfssdóttir

Kristjana Sigrún Pálsdóttir

Runólfur Pálsson

Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir

barnabörnin og langafabörnin.

Sigurður Pétur Harðarson

Ragnheiður Linnet

Hróbjartur Árnason

barnabörnin og langafabörnin.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

Kári H. Jónsson

flugstjóri,

lést að heimili sínu í Lúxemborg
þann 7. maí. Kveðjuathöfn fer fram í
Frikirkjunni í Reykjavík 3. júní kl. 12.30.

Genevieve Jónsson

Jakobína Elva Káradóttir

Mathilde Káradóttir

Agnes Káradóttir

Guðmundur Karl Jónsson

Emmanuel De La Rochère

Charles Nusse

og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, amma,
langamma og langalangamma,

Guðrún Kristín Jóhannesdóttir

Bólstaðarhlíð 54, Reykjavík,

lést mánudaginn 23. maí á hjartadeild
Landspítalans við Hringbraut.
Minningarathöfn verður auglýst síðar.

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir

Guðrún Anna Kjartansdóttir

Hjalti R. Benediktsson

Jón Ölvir Ástvaldsson

Mímír Kjartan Ástvaldsson

Arnar Erwin Gunnarsson

Anna Heiða Gunnarsdóttir

Auður Elísabet Guðrúnardóttir

langömmubörn og langalangömmubarn.

Halldóra Ágústa Pálsd.

Gunnar Axel Davíðs.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

ÚTI FLÍSADAGAR

ÚTIFÍÐSAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Tilboðsverð
6.990.-
Pr.fm

MIKIÐ
ÚRVAL
Á LAGER

VIÐHALDSFRÍAR - AUÐVELT AÐ LEGGJA - ENDINGARGÓÐAR

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall er sjónvarpsút-gáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþróttar, heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Matur og heimili (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2011-2012 Fljótisdals-hérað - Garðabær.
- 14.30 Fyrir alla muni Bréfin.
- 15.00 90 á stöðinni
- 15.20 Sannleikurinn um breyt-ingaskeiðið
- 16.10 Lífsins lystisemdir
- 16.40 Músíkmolar
- 16.50 Menningarvikan
- 17.10 Íslendingar Guðmunda Elías-dóttir.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hönnunarstirnir
- 18.18 Söguspilið
- 18.43 KrakkaRÚV Prumpufólkið.
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Sögur frá Listahátíð
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Öðruvísi eins og ég. Diffe-rent Like Me Heimildarþættir frá BBC um fólk sem finnst það af ýmsum ástæðum öðruvísi og hefur einangrað sig frá samfélaginu.
- 21.00 Flekklaus. Pure Breskir gamanþættir um Marnie, unga konu frá skoskum smábæ, sem þjáist af þrá-hyggukenndum hugsunum um kynlíf. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 21.40 Hamingjuleit. Hvor ligger Løkken?
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Njósnið í Berlín. Berlin Sta-tion
- 23.10 Fjölskyldubönd. Mother Father Son
- 00.05 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 The Neighborhood
- 15.25 Survivor
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 A.P. BIO
- 19.40 American Auto
- 20.10 Good Sam
- 21.00 FBI
- 21.50 FBI. Most Wanted
- 22.40 Love Island Australia
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Strange Angel Magnaðir þættir úr smíðju Ridley Scott byggðir á sannri sögu um Jack Parsons sem var frum-kvöðull í geimferðaáætl-unum Bandaríkjana.
- 01.25 The Rookie
- 02.10 Wolfe
- 03.00 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Ultimate Veg Jamie
- 10.10 MasterChef Junior Skemmti-leg matreiðslukeppni þar sem krakkar á aldrinum 8 til 13 ára fá tækifæri til að heilla MasterChef dómarana með gómsætum réttum.
- 10.55 Call Me Kat
- 11.15 Shark Tank
- 11.55 Home Economics
- 12.20 30 Rock
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 The Great British Bake Off
- 13.55 Tiny Lives
- 14.55 Cherish the Day
- 15.35 The Masked Dancer
- 16.45 Grey's Anatomy
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.05 Hell's Kitchen USA
- 19.55 Last Man Standing
- 20.15 S.W.A.T.
- 21.05 Magnum P.I.
- 21.50 Under the Volcano
- 23.25 Fávitar
- 23.40 Gentleman Jack
- 00.40 Next
- 01.20 Supernatural
- 02.05 The Mentalist
- 02.45 Ultimate Veg Jamie
- 03.30 Call Me Kat
- 03.55 Shark Tank

Sjöfn Þórðar heimsækir nýja veitingastaðinn á Hótel Borg

Þátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Nýverið var Borg Restaurant á Hótel Borg opnaður eftir gagngerar endurbætur þar sem tignarleikinn hefur verið hafður í forgrunni sem áður var. Sjöfn Þórðar heimsækir veitingastaðinn og hittir einvalið fagfólks sem hefur staðið að breytingunum og blásið lífi í veitingastaðinn að nýju. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 ferma
5 tré
6 í röð
8 reytast
10 óró
11 völlur
12 bithagi
13 borgari
15 ofurselur
17 sjöngler

LÓÐRÉTT
1 nennuleysi
2 ró
3 sjáðu
4 hængur
7 meðhöndla
9 kk. nafn
12 ruddi
14 bæli
16 óðagot

LÁRÉTT: 1 lesta, 5 elk, 6 gh, 8 trosna, 10 ið, 11 tun, 12 beit, 13 íbúi, 15 fórnar, 17 linsa. LÓÐRÉTT: 1 leittíff, 2 eirð, 3 sko, 4 agnúi, 7 hant- era, 9 steinn, 12 búrf, 14 ból, 16 as.

Sudoku

	4			9			7
5		8		1	7		9
6						8	
7	8		5			3	
3			4		2		
2							
			3		6	9	8
			9	5			
	5	3		8	1	2	6

							1
			7	9			8
		5	3		6		
				5		3	1
	8				9	7	
		1	2		3		5
	3			2			8
9						4	
1		2	8				6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



MATUR OG HEIMILI
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
Þriðjudaga kl. 19.00 og 21.00





Lyfsalinn heitir nú Lyfjaval

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja



Gunnar Örn vann í marga miðla og notaði ólíkar aðferðir, segir Aldís.
FRÉTTABLAÐID/
VALLI

Fjölbreytt efnistö



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Verk Gunnars Arnar Gunnarssonar eru á sýningu í aðalsal Hafnarborgar. Yfirskrift sýningarinnar er Í undirdjúpum eigin vitundar. Sýningarstjóri er Aldís Arnardóttir.

Gunnar Örn hélt fyrstu einkasýningu sína í Unuhúsi árið 1970 og var þá tuttugu og fjögurra ára gamall. Árið 1988 var hann fulltrúi Íslands á Feyneyjatvíæringnum. Hann lést árið 2008.

„Þetta er yfirlitssýning sem spannar tæplega 40 ára feril,“ segir Aldís. „Gunnar Örn vann í marga miðla og notaði ólíkar aðferðir. Hér

eru málverk, þrykk, vatnslitaverk og skúlptúrar bæði úr tré og unnir með blandaðri tækni. Verkin bera vitni um hin fjölbreyttu efnistö sem listamaðurinn beitti.“

Andleg upplifun
Gunnar Örn var að mestu sjálfmenntaður í myndlist. „Það var ekki af því hann hafði ekki áhuga á að mennta sig heldur hafði hann ekki tök á því. Hann gerði sér grein fyrir að teikningin væri mikilvæg og fór á teikninámskeið í Danmörku en var að öðru leyti sjálfmenntaður.

Allan ferilinn er undirliggjandi ákveðinn tilvistarstrengur. Þegar maður gengur um sýninguna sér maður að verkin eru mjög ólík en alls staðar er þessi þráður, tilvistin. Hann vakti mikla athygli strax í upphafi því verk hans voru grótesk en í yngri verkunum er hann greinilega upptekinn af andlegum hugleiðingum. Í þeim verkum eru einföld form, fletir og punktar.

”
Hann vakti mikla athygli strax í upphafi því verk hans voru grótesk en í yngri verkunum er hann greinilega upptekinn af andlegum hugleiðingum.

Hann varð fyrir andlegri upplifun, eins og hann orðaði það sjálfur og í kjölfarið flutti hann að Kambi í Rangárvallasýslu. Þar hafði hann góða vinnuáðstöðu, meðal annars í skemmu og gat farið að vinna skúlptúra sem hann gat ekki gert áður vegna aðstöðuleysis.“

Aftur í dagsljósið
Gunnar Örn var gríðarlega afkastamikill og fjöldi verka liggur eftir hann. Verkin á sýningunni koma frá ekkju listamannsins og fjölskyldu hans, einnig frá Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur, Arion banka og einkasöfnurum.

„Ég held að það sé áhugavert fyrir fólk að sjá hér feril hans í heild. Ekki síst fyrir yngri listamenn sem eru margir í alls kyns útvíkkun á málverkinu og þekkja kannski ekki vel til verka hans, en Gunnar Örn tók á sínum tíma fullan þátt í nýja málverkinu. Það er gaman að geta dregið Gunnar Örn aftur fram í dagsljósið,“ segir Aldís. ■

Sjónarhorn á náttúruna

kolbrunb@frettabladid.is

Elli Egilsson heldur einkasýninguna Nevada í Þulu og mun sýningin standa til 19. júní.

Elli er sjálfmenntaður myndlistarmaður, fæddur og uppalinn í Reykjavík, en hefur starfað síðustu misseri í Los Angeles og Las Vegas, þar sem hann er búsettur.

Verk Ella eru unnin eftir ímynduðum myndformum íslenskrar náttúru, eins og hún formast í skapandi hugsun, engir sérstakir staðir hafðir í huga, pensillinn látinn ráða för og verkin máluð á draumkenndan hátt með heimagerðum oliulitum þar sem listamaðurinn notar sína eigin oliulitaformúlu.

„Verk mín eru einfaldlega minningar fyrir komandi kynslóðir, sýna landslagið eins og það verður til í hugarheimi mínum, raunverulegt en ímyndun í bland. Málarar fyrri

”
Verk mín eru einfaldlega minningar fyrir komandi kynslóðir.

tíma hafa skilið eftir sig stórbrotin listaverk sem lýsa því hvernig þeir sáu heiminn í kringum sig, veröld sem þá var. Mig langar að skilja eftir mig mína sýn, mitt sjónarhorn á náttúruna og óbyggðir landsins, fyrir komandi kynslóðir að upplifa og njóta,“ segir listamaðurinn. ■




Mig langar að skilja eftir mig mína sýn, segir Elli.
MYND/ADSEND

**CBD
RVK**

CBD Reykjavík

Náttúruleg leið að betri húð, heilsu og vellíðan.



Lífræn hágæða CBD Olía.

Gerðu vel við þig.
Bættur svefn, vinnur á verkjum og
bólgu. Róar taugakerfið.



SUPERCritical
CO₂ EXTRACTION



BROAD
SPECTRUM



LABORATORY
TESTED



Vöðva & Liðkremið okkar mýkir stífa vöðva og liði.

Frábært við bólgu og verkjum.
Flýtir endurheimt.



GMO
FREE



ETHICAL
& KIND



VEGAN
FRIENDLY

Andlitskrem og Líkamskrem.

Auka collagen framleiðslu.
Stinnari fállegri húð.
Góð við exzem og psoriasis.



CBD Reykjavík

CBD Reykjavík

cbdrvkv@cbdrvkv.is

www.cbdrvkv.is

**CBD
RVK**

”

Fyrir þá sem hafa sótt um að búa hérna vil ég segja að þetta er erfitt en virkilega þess virði.



Dan Nava sækir innblástur í aðlögun sína að landi og þjóð en samskipti hans við Útlendingastofnun eru honum einnig yrkisefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Útlendingastofnun öflugur brandarabanki

Uppistandarinn Dan Nava flutti hingað frá Venesúela fyrir tæpum sex árum og hefur farið með gamanmál undanfarin tvö ár. Hann tekur nú sviðið með sýningu sinni Becoming Icelandic en helsti innblástur hans er aðlögun að landi og þjóð og Útlendingastofnun.

ragnarjon@frettabladid.is

Grafiski hönnuðurinn Dan Nava kemur frá Venesúela og hefur búið á Íslandi í tæp sex ár. Hingað kom hann þegar honum bauðst markaðsstjórarstarf hjá góðgerðarsamtökum en er byrjaður að hasla sér völl sem uppistandsgrínari.

„Ég gat nýtt menntun mína þegar ég kom hingað fyrst en þurfti síðan að skipta um starf og er búinn að vinna á leikskóla frá 2018 vegna þess að ég hef lítið fengið að gera í sérgrein minni,“ segir Dan og bætir við að hann hafi nú lokið masters-gráðu og biði eftir leyfisbréfi.

Á meðan á öllu þessu stóð segist Dan hafa fundið þörf fyrir að gera eitthvað skapandi. „Ég er mjög skapandi manneskja og ég sá að það

var hægt að skrá sig á uppstands-námskeið. Þar uppgötvaði ég að ég gæti gert þetta og að ég hefði mjög gaman af því að fara upp á svið og semja brandara og svona.“

Fann gríntaugina á Íslandi

„Ég bara uppgötvaði þennan hæfileika þegar ég var á Íslandi og byrjaði í uppistandinu af því að fremur erfitt var að finna starf sem grafiskur hönnuður á Íslandi,“ segir hann.

Dan bendir á að hann hafi í fyrsta tekið þátt í sýningunni Identity Crisis í samstarfi við aðra en sýningin Becoming Icelandic sé sú fyrsta sem hann setur upp einn. „Identity Crisis verður sýnd einu sinni enn á þessu ári en einstaklingssýningin mín verður sýnd tvisvar.“

Útlendingastofnun er brandari

Hver er innblásturinn að þessari sýningu og um hvað fjallar hún?

„Sýningin er að miklu leyti um reynslu mína sem innflytjanda á Íslandi. Það eru tvö ár síðan ég byrjaði að sækja um ríkisborgarétt á Íslandi og þess vegna heitir sýningin „Becoming Icelandic“. En hún fjallar líka um hvernig það var að aðlagast í nýrri menningu og

”

Ég tók þennan erfiða tíma og ákvað að búa til um hann brandara, til þess að hlæja að þessu öllu saman.

nýju tungumáli. Þetta fjallar líka um það hvernig það var að fast við Útlendingastofnun og hvernig ég upplifði stjórnmálin og umræðuna á Íslandi.“

Hvernig myndir þú segja að reynsla þín afferlinu með Útlendingastofnun hefði verið?

„Það hefur alla vega gefið mér nóg af efni til þess að búa til brandara. Það ætti ekki að vera neitt leyndarmál að þetta er mjög erfitt ferli. En ég tók þennan erfiða tíma og ákvað að búa til um hann brandara, til þess að hlæja að þessu öllu saman.“

Finnst þér Íslendingar gestrisnir?

„Já, aðallega, en auðvitað hefur þetta verið upp og niður, en jú sérstaklega í nýju vinnunni minni hérna á leikskólanum. Þegar ég byrjaði talaði ég ekki mikla íslensku og mér fannst gott að fólkið á leikskólanum var ekki að skipta mikið yfir á ensku. Þau voru mjög þolinmóð og það hjálpaði mér mikið. Í raun myndi ég segja að ef ég væri ekki að vinna á leikskóla þá myndi ég ekki tala íslensku eins vel og ég tala hana núna.“

Myndir þú segja að íslenskur húmor væri svipaður þeim Venesúelska?

„Húmor í Venesúela er yfirleitt svolítið dökkur. Vegna þess að aðstæður þar eru erfiðar. Til dæmis ef ég er að tala við einhvern í Venesúela þá getur til dæmis komið fram að þeim hafi verið rænt fyrr um daginn þegar þau voru að labba úti á götu. Þá segir maður: „Núú, en er ekki allt í lagi?“ „Jú, að minnsta kosti var ég ekki skotinn,“ og svo hlæja báðir: „Hahaha.“

Hefur þú einhverjar ráðleggingar til þeirra sem langar að flytja til Íslands?

„Don't do it,“ segir hann og hlær. „Annars er mín reynsla fremur sérstök. Mikið af fólki sem er að komast inn til Íslands, til dæmis frá Venesúela, er að koma hingað sem flóttamenn yfirleitt. En mín reynsla var þannig að ég gat komið hingað vegna atvinnu. Ég hugsa stundum að ég hafi sloppið vel í gegnum kerfið. En fyrir þá sem hafa sótt um að búa hérna vil ég segja að þetta er erfitt en er virkilega þess virði.“

Dan Nava sýnir Becoming Icelandic í tvígang á Húrra eftir rúman mánuð, dagana 30. júní og 2. júlí. Sýningin fer fram á ensku. ■

MANIC PANIC N.Y.C.

Hárskolin fást hjá okkur



Hokus Pokus

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun

Laugavegi 69 S. 551-7955

Lykilspurningin

Bióblaðrari hundóánægður með Obi-Wan Kenobi

Hvernig finnst þér Obi-Wan fara af stað?



Hafsteinn Sæmundsson
hláðvarpsþátta-
stjórnandi

„Á Star Wars kannski bara heima í kvikmyndahúsum? Það var það

fyrsta sem ég hugsaði eftir að ég horfði á fyrstu tvo þættina af Obi-Wan Kenobi-seríunni. Ég var hrikalega spenntur fyrir henni en því miður voru þessir tveir þættir ekki að hitta í mark hjá mér,“ segir Hafsteinn, sem reynir ekki að dylja vonbrigði sín með fyrstu



Ewan Mc Gregor snýr aftur sem Obi-Wan Kenobi en nú í sjónvarpi.

tvo þættina í hinni langþráðu Star Wars-seríu sem Disney+ streymdi á föstudaginn.

„Það er eitt atriði í fyrsta þættinum sem er mögulega asnalegasta atriði sem ég hef nokkurn tímann séð í sjónvarpsþætti. Þrír fullorðnir menn eru að elta litla tíu ára stelpu og þeir þurfa nauðsynlega að grípa hana. Hún nær samt einhvern veginn að flýja undan

þeim og úr verður eltingaleikur sem er svo illa settur saman og svo ótrúlegur að ég trúði varla mínum eigin augum.

Þetta er allt eitthvað svo stírt, illa leikið og kjánalegt. Jafnvel barnalegt á köflum. Fyrir utan flottar tölvubrellur þá virkar þetta eins og einhver ódýr Sci-fi-sería. Vondu kallarnir eru ekki ógnvekjandi. Þau eru bara öll frekar asnaleg.

Það gerast líka hlutir í seríunni sem eru vægast sagt furðulegir. Án þess að fara út í spoilera, þá er mjög skrítið hvernig handritshöfundarnir fá Obi-Wan til að taka þátt í þessari sögu. Vonandi tekur sagan góðan kipp þegar Darth Vader mætir á svæðið og vonandi nær hann að rífa upp gæðin.“ ■

Grillið heim.

Kauptu Weber Q3200 gasgrill á Heimkaup og fáðu það sent heim að dyrum.
Tilboð gildir á meðan birgðir endast.



Weber Q3200 gasgrill
84.999 kr.
~~86.999 kr.~~

Þú finnur allt fyrir grillið á Heimkaup.



Weber iGrill mini
11.999 kr.



Weber Original pizzaskeri
4.599 kr.



Weber hamborgarapressa
2.799 kr.



Weber T-grillbursti 30 cm
1.899 kr.



Weber grillpensill
2.199 kr.



Weber pizzasteinn
Hringur - 36,5 cm
7.999 kr.



Weber yfirbreiðsla
Q3000 & 300
14.999 kr.



Gaskútur
Verð frá: **9.499 kr.**

heimkaup

SUMAR ÚTSALA

ALLT AÐ

60% AFSLÁTTUR



CLEVELAND

Hornsófi. Hægri eða vinstri. Ljósgrátt eða dökkgrátt áklæði. 308 x 203 x 81 cm.

139.993 kr. ~~199.990 kr.~~

30%



SICILIA

3ja sæta sófi í ljósgráu áklæði. 196 x 92 x 82 cm.

90.993 kr. ~~129.990 kr.~~

30%

25%



DC 3600

3ja sæta sófi. Koníakslitað eða svart split leður.

202 x 80 x 80 cm. **224.993 kr.** ~~299.990 kr.~~

60%

EDE

Stóll, Kentucky koníakslitað bonded leður. 93 x 95 x 82 cm.

47.996 kr. ~~119.990 kr.~~



50%



ALINA

Sófaborð, hvíttuð eik. 130 x 70 x 45 cm.

39.995 kr. ~~79.990 kr.~~

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Æskuvinir Svönu Gísladóttur af Skaganum létu sig ekki vanta og sáu stóru ABBA-stundina renna upp í tvingang en hópurinn mætti til leiks í sérmerktum og sérhönnuðum bolum.

MYND/ADSEND

Með gæsa húð á ABBA

„Mér er bara orða vant um hvað hún vinkona mín er búin að gera þarna,“ segir Ingþór Bergmann Þórhallsson, um sýndarveruleikasýninguna ABBA Voyager, sem æskuvinkona hans Svana Gísladóttir framleiðir.

toti@frettabladid.is

Sýndarveruleikasýningin ABBA Voyager var frumsýnd í London að viðstöddu frægðarfólki og fjölda æskuvina Svönu Gísladóttur ofan af Skaga, en hún er framleiðandi sýningarinnar þar sem tölvuteiknaðir staðgenglar Agnetu, Fridu, Björns og Bennys halda alvöru ABBA-tónleika eins og árið væri 1979.

„Mér er bara orða vant. Það eru kannski bara svona fyrstu viðbrögð,“ segir Ingþór Bergmann Þórhallsson, sem sá ABBA Voyager í tvingang um helgina ásamt 25 öðrum æskuvinum framleiðandans Svönu Gísladóttur.

„Ég er búinn að fara á ABBA-tónleika,“ segir hann og áréttar að þessi sýndarveruleikablekking gangi fullkomlega upp. „Ég hef unnið mikið í leikhúsi sem hljóð- og ljósamaður og þetta var það flottasta sem ég hef nokkurn tímann séð. Það sem þau hafa gert er að búa til sýningu og byggja utan um hana sérstakt hús. Þannig að öll þessi áhrif sem er verið að reyna að ná fram eru innbyggð í salinn svo þetta er blekking sem gengur fullkomlega upp.“

Dúndrandi fílingur

Helga Atladóttir hjúkrunarfræðingur er í vinahópnum sem ákvað fyrir mörgum mánuðum að fara á frumsýninguna. „Síðan bara tveimur vikum fyrir brottför þá býður Svana okkur á forsyninguna þar sem eingöngu eru boðsgestir og við fengum að vera þar á dansgólfinu. Þannig að við förum á tvær sýningar. Dag eftir dag,“ segir Helga.

„En þetta var algjörlega mögnuð upplifun og bara algjörlega magnað að vera þarna og upplifa það að vera á tónleikum með ABBA. Sérstaklega á frumsýningunni, þar sem bara mestu ABBA-aðdáendurnir voru mættir. Margir hverjir í miklum búningum og alveg í dúndrandi fíling.“

Þetta er bara í rauninni eins og að vera á „live“ tónleikum. Þetta er bara ABBA eins og þau litu út 1979 og byrja bara með svaka trukki,“ segir Helga og lýsir því hvernig stafrænu fjörmenningsarnir rísa upp úr sviðinu. „Bara í fullum skruða.“



Helga með manni sínum, Alexander Eck, sem hefur verið mikill ABBA-aðdáandi síðan hann var átta ára.

MYND/ADSEND



Frumútgáfunar af holdi og blóði komu og sáu stafræna staðgengla sína sigra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Ég hef unnið mikið í leikhúsi sem hljóð- og ljósamaður og þetta var það flottasta sem ég hef nokkurn tímann séð.



Ingþór

Geggjuð helgi

Ingþór segist í seinna skiptið hafa gefið sér tíma til þess að fylgjast betur með hvernig mannskapurinn var að upplifa tónleikana. „Það var bara lið þarna sem gjörsamlega trylltist við að horfa á þetta og ég, í rauninni, hafandi séð margt, var bara bæði kvöldin með gæsa húð og ekki á fyrstu augnablikum sýningarinnar.“

Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu. Þetta er einhvern veginn bara eins og ég segi, þetta púsluspil gengur gjörsamlega upp. Þegar þú færð tækifæri til að fara þarna í annað skipti þá kannski ferðu að reyna að leita að göllumum en þú finnur enga,“ segir Ingþór.

„Þetta var algerlega geggjuð helgi og ef ég ætti að ráðleggja einhverjum um hvað þeir ættu að gera í London þá er þetta bara 120 prósent það sem þú átt að sjá í London.“

Hann bætir síðan við að þrátt fyrir allt sjónarspilið þá hafi fólkið á bak við sýninguna aldrei misst sjónar á því að allt snúist þetta fyrst og fremst um tónlistina. „Þetta gengur allt út á tónlistina og tilfinningarnar sem eru í textunum sem vekja líka hughrif.“

Það er ekki bara að þetta sé flott og eins og ég segi. Mér er bara orða vant um hvað hún vinkona mín er búin að gera þarna. Hún er búin að gera merkilega hluti en þetta er eitt-hvað bara á allt öðru leveli, sko.“ ■

Glimmer, litir og dans. Svo tala þau aðeins á milli atriða og svona, þannig að það er bara eins og maður sé á tónleikum.

Maður á eftir að lifa á þessu í mörg ár og ég held að flestir ætli að fara aftur. Þetta er bara algerlega eitt-hvað sem fólk þarf að gera,“ segir Helga og bætir við að hún viti ekki betur en það sé uppselt á sýninguna út árið. „Það er bara reiknað með að þetta rúlli í mörg ár.“

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



MELTING & HREINSUN

Öflugar bætiefnablöndur fyrir heilbrigða meltingu og þú verður léttari á fæti.

Andoxun er sannkölluð blanda ofurfæðu, trefjarík og stútfull af andoxunarefnum.

Mjólkurpistill er þekktur fyrir hreinsandi áhrif sín á lifrina og losar líkamann við óæskileg efni og réttir þig af eftir góðar stundir.

Melting inniheldur kröftugt, hreint engifer og nærandi íslensk fjallagrös, minnkar uppþembu og hefur hreinsandi áhrif.

Hvannarrót er þekkt fyrir að róa meltingarkerfið og minnkar uppþembu á mildari hátt.

Magnesíum með fjallagrös er öflug og nærandi blanda fyrir hamingjusama meltingu.



Fæst í næsta stórvörumarkaði og apóteki
Einnig í vefverslun ICEHERBS, www.iceherbs.is



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Bakþankar

Kristbjargar
Þórisdóttir

Endómetríósa

Einu sinni spurði ég systur mína sem hafði mikið verið í ævintýraferðum hvort það væri ekki erfitt að hætta þeim eftir að hún átti dóttur sína. Hún leit á unga dóttur sína og svaraði „jú, það voru vissulega ævintýraferðir en þetta er ævintýri á hverjum degi.“ Eftir að ég eignaðist börnin mín skil ég þetta enn betur.

Á Íslandi er talið að tólf til fimmtán þúsund konur þjáist af sjúkdómnum endómetríósu þó einungis um þrjú þúsund séu greindar. Þiundi hver einstaklingur sem fæðist í kvenlíkama þjáist af sjúkdómnum. Endómetríósa lýsir sér þannig að endómetríósufrumur setjast á yfirborðsþekju á hinum ýmsu líffærum, bregðast við mánáðarlegum hormónabreytingum líkamans, valda bólgu og blöðrum og samgróningar geta myndast. Þetta veldur miklum sársauka. Engin lækning er til.

Fyrir utan sársauka getur sjúkdómurinn meðal annars valdið þvagblöðru- og þarmavandamálum auk hárrar tíðni af ófrjósemi. Sjúkdómurinn getur haft áhrif á alla þætti lífsins – nám, starfsframa, efnahag, sambönd og almennt heilbrigði og velferð. Mikilvægt er að aðgengi sé að meðferð sérfræðings til þess að greina endómetríósu og meðhöndla það sem hægt er. Það vakti undrun mína þegar ung kona sem er mér nákominn sagði mér frá því nýlega að hún væri á leið í aðgerð hjá sérfræðingi í sjúkdómnum sem myndi kosta hana 700 þúsund krónur.

Getum við ekki tryggt betra aðgengi að þessari aðgerð án sligandi kostnaðar? Þannig getum við bætt líðan, lífsgæði og aukið möguleika kvenna með endómetríósu að njóta þess mikla ævintýris sem foreldrahlutverkið er. Mér skilst að málið sé í farvegi hjá ráðherra heilbrigðismála og vonandi fæst úrlausn fljótt. (sjá endo.is). ■

FRÍTT
KAFFI
MEÐ ORKULYKLI

FYRSTIR KOMA
FYRSTIR FÁ!

ÚTSALA
Í OUTLET
VERSLUN
30% 50% 70%

25-50% afsláttur af völdum vörum og
10% afsláttur af öllu í verslun, nema
vörum í umboðssölu.

TAK-
MARKAÐ
MAGN Í
BODI!

Svefn & heilsa
★★★★★
WWW.SVEFNOGHEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S:581 2233

BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150

OPIÐ:
VIRKA DAGA.....KL. 10:00 -18:00
LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBODSAÐILAR:
HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR